

Skipulagsfulltrúi Ölfuss
Gunnlaugur Jónsson
Hafnarberg 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 23. janúar 2023
UST202212-175/B.S.
10.05.01

Efni: Beiðni um umsögn - skipulagsbreytingar Núpunámu. Umsögn

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Ölfuss dags. 19. desember 2022 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á skipulagi.

Gert er ráðð fyrir stækkun Núpunámu um 12 ha og ráðgert er að taka allt að 490.000 m³ úr námunni sem að mestu leyti mun fara í framkvæmdir við breikkun Suðurlandsvegur. Efni hefur verið tekið úr Núpunámu um áratuga skeið. Hér er um að ræða landbúnaðarland og varla ástæða til að ætla að þarna sé um viðkvæmt gróðurlendi að ræða. Jákvætt er að taka efni nær framkvæmdarsvæðinu eins og hér er áformað í stað þess að flytja efni langar leiðir.

Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á að ganga vel frá námunni helst jafnóðum en umgengni um námuna hefur verið góð til þessa. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við skipulagsbreytinguna.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur